

## Sjálfrmatsskýrsla 2008/2009

Skólinn er með [sjálfrmatssáætlun](#) og [verk- og framkvæmdaáætlun innra mats](#) og er hún aðgengileg á heimasíðu skólans: <http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/namskra/sjalfsmatsaetlun/>.


Sjálfrmatsskýrslur hafa verið gerðar áður fyrir skólaárið 2001/2002 og skólaárið 2003/2004 og eru þær aðgengilegar á sjálfrmatssíðunni.

Matið á skólaári 2008/2009 hefur farið fram á ýmsan hátt, með kennslumati, starfsánægjumati, þjónustumati, í vinnu stýrihópa, skýrslum fagstjóra og kennslustjóra o.fl. Niðurstöður þess eru aðgengilegar á heimasíðu skólans undir [Nám – Námskrá – Sjálfrmatssáætlun](#).

### Starfsánægjumat

Starfsánægjumat hefur tvisvar verið framkvæmt, á haustönn 2006 og svo aftur á haustönn 2008. Var fenginn utanaðkomandi aðili, HRM - Rannsóknir og ráðgjöf, til að framkvæma matið. HRM - Rannsóknir og ráðgjöf hefur framkvæmt fjölda vinnustaðagreininga frá árinu 2004 með mælitæki Evrópsku starfsánægjuvísitölunnar.

Starfsánægja, tryggð og hollusta starfsmanna FÁ kom vel út í samanburð við aðra framhaldsskóla og fyrirtæki.



Niðurstöður [starfsánægjumats](#) eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Niðurstöður starfsánægjumats leiddu til nokkurra breytinga, m.a. var gert kynningarátak til að bæta ímynd skólans. Starfsánægjumat verður næst framkvæmt á haustönn 2010.

## Kennslumat


[Kennslumat](#) hefur verið framkvæmt frá 1999 og eru niðurstöður síðustu kannanna aðgengilegar nemendum skólans og öðrum á heimasíðu skólans.

Við kennslumatið er hugbúnaðurinn Splist notaður. Hýsing er utan skólans og uppfyllir hugbúnaðurinn allar kröfur um nafnaleynd. Vefþjónustur tengja hugbúnaðinn við staðarnet skólans (dagskólann) og kennsluumhverfið WebCT (fjarnám).

Kennarar fá ítarlegar niðurstöður kennslumats í greinum sínum, kennslustjórar fá niðurstöður kennslumats í þeim greinum sem tilheyra braut þeirra og yfirstjórn skólans fær yfirlit yfir niðurstöður í öllum greinum. Skýrsla með samantekt af niðurstöðum kennslumats er svo birt á heimasíðu skólans.

Hver áfangi er að jafnaði metinn þriðja hverja önn og kennslustjórar velja í samráði við fagstjóra hvaða áfanga á að meta á hverri önn. Fagstjórar hafa umsjón með matinu. Kennarar ráðstafa einni kennslustund í matið í viðkomandi áfanga, þanta fartölvuvagninn tímanlega fyrir þá nemendur sem eru ekki með tölvu eða þanta tíma í tölvuveri.

Kennarar hafa fengið háa einkunn í öllum könnunum og hefur kennaraeinkunn hækkað frekar en staðið í stað.




Allar niðurstöður kennslumats frá haustönn 2008 og vorönn 2009 eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Næst verður kennslumat framkvæmt 2.-30. nóvember 2009.

## Þjónustumat

Stýrihópur tók til starfa á vorönn 2008 með því markmiði að búa til könnun á þjónustu skólans, sem sameinaði mat á aðstöðu bókasafns, námsráðgjöf, tölvuaðstöðu, könnun á samskiptum nemenda við stjórnendur, námsráðgjafa, skrifstofu, fjármáladeild og þjónustu matsölnnar. Könnunin var lögð fyrir nemendur á haustönn 2008 og eru [niðurstöður](#) hennar aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Könnunin fór fram á tölvutæku formi í hugbúnaðinum Splist með krækju á heimasíðu skólans. Til að hvetja nemendur til að taka þátt í könnuninni var auglýst að verðlaun yrði dregin úr hópi þátttakenda og voru í boði ókeypis bílastæði við skólann. Samt var þátttakan dræm (24%) og þarf að finna leiðir til að auka hana.

Í þjónustukönnun var m.a. spurt hvaða samgöngutæki nemendur notuðu til að komast í skólann.



Yfirgnæfandi meirihluti nemenda kemur á eigin bíl. Vegna byggingarframkvæmda hefur bílastæðum við skólann fækkað og er þeim úthlutað gegn gjaldi. Skólinn hefur styrkt starfsmenn til að afsala sér bílastæði og nota strætó, ganga eða hjóla í skólann. Þriðjungur starfsmanna hefur nýtt sér þetta tilboð og hafa allir nemendur sem sóttu um fengið stæði á vorönn 2008.

Stýrihópurinn fór yfir niðurstöður þjónustumats og ræddi hugsanlegar tillögur að úrbótum. Næsta þjónustumat verður framkvæmt á haustönn 2010.

## **Annað**

Fagstjórar og kennslustjórar skila skýrslu í lok hvers skólaárs með mati á námi, samskiptum og þjónustu. Liggja niðurstöðurnar fyrir hjá skólameistara.

Á haustönn 2008 var haldin ráðstefna í Kríunesi um kennsluhætti og nýja námskráin kynnt. Ráðstefnan bar heitið „Ný byrjun: Kennsluaðferðir og nýbreytnistarf“ og var rætt hvernig mætti tengja saman ný lög um framhaldsskóla og kennsluhætti.

Starfinu var haldið áfram á vorönn 2009 með kennarafundum og hópstarfi. Stýrihópur um Almenna námsbraut tók til starfa á haustönn 2008 og skilaði skýrslu með tillögum til úrbóta í lok vorannar 2009. Skýrslan var kynnt öllum starfsmönnum og liggur fyrir hjá skólameistara.